

Lulu Munk Andersen,
Skipulags- og byggingarfulltrúi
Ráðhús
Borgarbraut 14
311 Borgarbyggð



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 20. mars 2014
Tilvísun: UST20140200186/ksj

Tillaga að deiliskipulagi nýs verslunar- og þjónustusvæðis Deildartunga 2 Borgarbyggð

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Borgarbyggðar er barst 20. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar um tillögu að deiliskipulagi nýs verslunar- og þjónustusvæðis að Deildartungu 2 Borgarbyggð.

Skipulagssvæði


Skipulagssvæðið er 3,5 ha við Deildartungu 2. Áætlað er að reisa 500 m² byggingu á einni hæð vegna ferðaþjónustu og er áætluð staðsetning fyrir norðan Deildartunguhver og vestan við núverandi íbúðarhús að Deildartungu 2.


Náttúruminjar

Svæðið Reykjadalssá ásamt nálægum hverum og Rauðsgil, Reykholtshreppi, Hálsahreppi, Borgarfjarðarsýslu er svæði á náttúruminjasrá nr. 204. (1) Reykjadalssá frá ármótum árinna við Hvítá að Giljafossi, hverasvæði Deildartungu, Deildartunguhver ásamt hverahólum, hverirnir Vellir og Hægindakotshver ásamt nánasta umhverfi þeirra og Rauðsgil allt niður að Reykjadalssá. (2) Reykjadalssá er lygn, gróðurmikil á sem helst auð að vetrinum vegna hveravatns sem í hana rennur. Svigðumyndun árinna er óvenju falleg. Við Reykjadalssá eru vetrarstöðvar andfugla og á jarðhitasvæðunum er einnig að finna athyglisverðan gróður og dýralíf. Jarðhitasvæðið í Deildartungu er samfelt jarðhitakerfi með hverum, laugum og lindum, en Deildartunguhver er vatnsmesti hver landsins. Árhver (Vellir) er goshver í Reykjadalssá og einn af fáum ósködduðum hverum í Borgarfirði. Hægindakotshver er í alfaraleið, en við hann er allfjölbreytt dýralíf. Í Rauðsgili er að finna fallega fossaröð.

Á uppdrætti kemur fram að framkvæmdir eru áætlaðar yfir 200 m frá Reykjadalssá. Einnig kemur fram að áætluð bygging verður staðsett 60 m frá Deildartunguhver. Umhverfisstofnun tekur undir að mikilvægt er að framkvæmdir falli vel að umhverfinu til að koma í veg fyrir neikvæð sjónræn áhrif af framkvæmdum. Einnig er mikilvægt að öllu raski vegna framkvæmda verði haldið í algjöru lágmarki.

Virðingarfyllt


Kristin S. Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun